



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 23. október 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Ástrós Elísóttir og Jón Ólafur Sigurjónsson ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fund undir 2. og 3. dagskrálið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

2. Viðauki I við fjárhagsáætlun 2024

Fyrir fundinn lá tillaga að viðauka I við fjárhagsáætlun ársins sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri sem nema 34,3 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Rekstrarniðurstaðan samkvæmt tillögu að viðauka I við áætlun verði því 105,7 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar í rekstri tengjast lægra framlagi Jöfnunarsjóðs, fræðslu- og uppeldismálum, kjarasamningsbreytingum og endurskoðun starfsmats. Viðaukanum verður mætt með lækkun á handfæru fé. Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

3. Rekstraryfirlit janúar-ágúst og framkvæmdayfirlit janúar-september 2024

Fyrir fundinum lágu rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-ágúst 2024 ásamt framkvæmdayfirliti vegna janúar-september 2024 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði ásamt sveitarstjóra. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.



4. Akstursþjónusta

Fyrir fundinum lá beiðni um akstursþjónustu á grundvelli reglna sveitarfélagsins um akstursþjónustu við fólk með fötlun frá 27. september 2022. Óskað er eftir akstri í 4,5 mánuð alls 10-12 ferðir í mánuði til þess að iðka nám. Gert var ráð fyrir akstrinum í fjárhagsáætlun ársins og ekki þörf á viðauka vegna umsóknarinnar. Var hún lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

5. Bréf

a. Farskólinn dags. 12. september 2024

Efni: Vildargjald

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið greiði vildargjald til Farskólans – Miðstöðvar Símenntunar á Norðurlandi vestra vegna ársins 2025 að upphæð 95.000 kr. Er erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

b. Skagafjörður dags. 24. september

Efni: Reglur Skagafjarðar um stuðningsfjölskyldur

Fyrir fundinum lágu drög að reglum Skagafjarðar um stuðningsfjölskyldur sbr. 15. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Reglurnar voru unnar af aðilum fagraðs í málefnum fatlaðs fólks sem fékk við þá vinnu ráðgjöf og álit frá fagaðilum sem vinna í málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra. Fagraðið samþykkti reglurnar fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu hjá hverri sveitarstjórn aðildarfélaga þjónustusamnings um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra. Voru reglurnar bornar upp til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar. Voru reglurnar samþykktar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og vísað til fullnaðarafgreiðslu hjá sveitarstjórn Skagafjarðar.

c. Minningarsjóður um hjónin frá Vindhæli og Garði dags. 26. september 2024

Efni: Gjöf til íþróttahússins á Skagaströnd

Með bréfinu er tilkynnt um gjöf til sveitarfélagsins fyrir íþróttahús Skagastrandar en um er að ræða fjögur UNICORN pílukastssett ásamt spjaldtölvum. Gjöfin er hin glæsilegasta og þakkar sveitarfélagið fyrir þessa góðu gjöf sem er verðmæt viðbót við það fjölbreytta framboð sem íþróttahúsið hefur nú þegar upp á að bjóða.



d. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 1. október 2024

Efni: Ársreikningur 2023

Með erindinu leggur Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga áherslu á það við sveitarstjórn að leita leiða til að uppfylla lágmarksviðmið nefndarinnar svo að lögfest lágmarksskilyrði verði uppfyllt fyrir árið 2026. Var erindið lagt fram til kynningar.

e. Helena Mara Velemir dags. 2. október 2024

Efni: Jólamarkaður Fellsborg

Með erindinu óskar Helena Mara Velemir ásamt Þórey Fjólu Aradóttur og Emilíu Ýr Dagsdóttur eftir því við sveitarfélagið að fá Fellsborg leigða fyrir jólamarkað í nóvember á sömu kjörum og önnur samfélagstengd verkefni skv. gjaldskrá sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ræddi fram komna beiðni og samþykkti með fimm greiddum atkvæðum.

f. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 9. október 2024

Efni: Úttekt Bogabraut 2

Fyrir fundinum lá úttektarskýrsla Frumherja á Bogabraut 2 sem unnin var að beiðni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Húsnæðið var valið í úrtak af HMS og hefur faggilt skoðunarstofa á rafmagnssviði þ.e. Frumherji lokið skoðun á raflögnum þess. Sveitarstjóri upplýsti sveitarstjórn um að þegar hafi verið brugðist við þeim athugasemdum sem þar voru gerðar, búið að panta nauðsynlegt efni til þess að bregðast við 3. flokks frávikum og búið verða að bæta úr þeim annmörkum innan fárra daga. Mun sveitarstjóri upplýsa HMS um framgang mála ásamt því að vinna kostnaðarmat á þeim úrbótum sem þarf að ráðast í en krefjast ekki tafarlausra lagfæringa sem lagt verður fyrir sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar vegna 2025.

g. Markaðsstofa Norðurlands dags. 16. október 2024

Efni: Málefni Flugklasans

Fyrir fundinum lá erindi Markaðsstofu Norðurlands um málefni Flugklasans og ýmis gögn tengd því málefni. Óskað er eftir því við sveitarstjórn að hún samþykki greiðslur til Flugklasans sem nema 500 kr. per íbúa á Skagaströnd. Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við erindinu að sinni.

6. Fundargerðir:

a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. ágúst 2024

Lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 9. september 2024



Lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV dags. 16. september 2024

Lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Norðurár dags. 24. september 2024

Lögð fram til kynningar.

e. Fræðslunefndar dags. 3. október 2024

Lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:01

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Ástrós Elisdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir